

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir

Vertu sæll Faraó!



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Lyn Doerksen

Saga 11 af 60


www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic




"Farið sjálf til að viðað ykkur hálm. Við útvegum hann ekki lengur. En búið til jafn marga múrsteina sem áður." Þetta voru nýjar fyrirskipanir frá Faraó.



3

Þrælhaldararnir þískuðu suma þræla fyrir að hafa ekki tíma til að safna hálm, og samt búa til nóg af múrsteinum.



4



Fólkið ásakaði Móses og Aron fyrir örðugleika sína. Móses bað til Guðs.

5



"Drottinn minn," hrópaði hann, "Þú hefur ekkert gert til að bjarga fólkinu þínu." "Ég er Drottinn og ég mun leysa

ykkur úr ánauðinni", svaraði Guð.

6

Þá sendi Guð Móses og Aron aftur til Faraó. Þegar Faraó bað þjóna Guðs um tákni frá Guði,

breyttist stafur Arons í skriðandi snák.



7

"Kallið á töframenn mína," öskraði Faraó. Þegar egypsku töframennirnir fleygðu niður stöfum sínum, breyttust stafir þeirra líka í snáka. En stafur Arons gleypti alla hina. Samt leyfði Faraó fólkinu ekki að fara.




8

Morguninn eftir, hittu Móses og Aron Faraó niður við ána. Þegar Aron rétti út staf sinn, umbreytti Guð vatni árinna í blóð.



9

Fiskurinn dó, og vatnið varð óhæft til drykkjar. En hjarta Faraós harðnaði. Hann vildi ekki leyfa fólkinu að fara frá Egyptalandi.



10

Og aftur sagði Móses Faraó að leyfa fólkinu að fara. Faraó neitaði aftur, og Guð sendi aðra plágu.



11

Komu þá upp froskar og huldu allt Egyptaland. Hvert hús, hvert herbergi, og meira að segja eldunarofnar, allt var yfirfullt af froskum.



12

"Biðjið fyrir mér, að Drottinn fjarlægji froskana", bað Faraó. "Þá skal ég leyfa fólkinu ykkar að fara." En þegar froskarnir voru farnir, skipti Faraó um skoðun og leyfði þrælunum ekki að fara.




13

Þá sendi Guð billjónir lítilla skordýra sem kallast lús. Þetta varð mönnum og fénaði til mikilla þjáninga, en Faraó hlýddi ekki Drottni.




14



Næst sendi Guð flugur, urmúl af þeim. Guð sendi farald til að útrýma kvikfénaði Egyptalands.



15



Guð sendi sársaukafull kýli. Fólkið þjáðist hræðilega. Þrátt fyrir allt þetta, neitaði Faraó að hlýða Drottni.



16



Eftir kýlpláguna sendi Guð mergð af engisprettum. Engispretturnar átu upp allan grænan gróður landsins.


17



Því næst sendi Guð algert myrkur í þrjá daga. En Faraó var uppfullur þvermóðsku og leyfði fólkinu ekki að fara.

18

"Ég mun senda enn eina plágu," aðvaraði Guð. "Um miðnætti munu allir frumburðir manna og fénaðar deyja í Egyptalandi." Guð sagði Ísraelum, að frumburðir þeirra mundu bjargast, ef þeir settu lambsblóð á dyrastafi sína.



19



Á miðnætti varð mikill grátur um allt Egyptaland.

20




Dauðinn kom í heimsókn. Að minnsta kosti einn hafði dáíð á hverju heimili.

21



"Farðu í burtu", grátbað Faraó Móses. "Farðu og þjónaðu Drottni." Fólk drottins hélt án tafar út úr Egyptalandi.

22



Guð sagði Móses að minnst Páskanæturinnar, því að Engill Drottins hafði sneitt hjá heimilum Ísraela, en lostið niður hjá Faraó og fólki hans.

23



Loksins, að liðnum 430 árum í Egyptalandi, var fólk Drottins frjálst. Guð gekk fyrir þeim í skýjastrók til að vísa þeim veg á daginn, en í eldsúlu á nóttinni.

24



En Faraó var ekki tilbúinn að sleppa Ísraelum úr ánauðinni. Fyrr en varði, hafði hann gleymt Guði og breytt aftur um skoðun.

25



Faraó kallaði her sinn saman, og hélt á eftir þrælunum. Fljótlega, hafði hann króað þá af milli kletta og hafs.

26

"Drottinn mun berjast fyrir ykkur,"
sagði Móses. Móses gekk fram og rétti
hönd sína yfir hafið.

27



Pá gerðist mikið
kraftaverk. Guð
opnaði göngustíg í
gegnum vatnið.
Fólkið fór yfir
slysalaust.

28

Egyptski herinn fór á eftir þeim út í Rauða Hafið.
"Nú náum við þeim," hugsuðu hermennirnir.



29

En Guð lét vötnin falla, og hafið gleypti hinn
öfluguga her Egypta. Pá loksins, vissi Faraó
að Guð Ísraela var Drottinn allra.



30

Vertu sæll Faraó!

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Annarri Mósebók 4-15

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífd. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!